



## Mótareglur Badminton sambands Íslands

### 1. grein

Reglur þessar gilda um opinber badmintonmót sem eru háð innan vébanda Badminton sambands Íslands (BSÍ) og eru skráð á mótaskrá BSÍ. Opinber mót teljast mót, sem fleiru en einu félagi er heimil þátttaka í. Ef ekki er kveðið sérstaklega á um tiltekin atriði hér, gilda reglur Alþjóðbadminton sambandsins (Badminton World Federation) svo og móta- og keppendareglur Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) (eða reglur ÍSÍ þar sem við á).

### 2. grein

2.1 Keppnistímabilið er frá 1. ágúst – 31. júlí ár hvert.

2.2 Notast skal við mótaforritið Tournamentsoftware ( [www.tournamentsoftware.com](http://www.tournamentsoftware.com) ) í öllum mótum sem eru á mótaraðum Badminton sambands Íslands (BSÍ). Hægt er að fá aðgang að forritinu hjá starfsmanni BSÍ.

2.3 Verði af einhverjum ástæðum að fresta móti og/eða breyta dagsetningu skal það gert í samráði við BSÍ. Rík ástæða þarf að vera fyrir færslu dagsetninga móta innan mótaraðar BSÍ. Verði af einhverjum ástæðum að fresta eða endurtaka mót mega þeir aðeins keppa sem höfðu keppnisrétt þegar mótið átti að fara fram.

### 3. grein

#### Þátttakendur

3.1 Alla skráningar í mót þurfa að koma frá aðildarfélagi leikmanns.

3.2 Mót á mótaskrá Badminton sambands Íslands (BSÍ) eru opin öllum badmintonspilurum sem skráðir eru í félag innan BSÍ sem og innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands enda hafi félagið staðið í skilum með skýrslugerðir til ÍSÍ í samræmi við gr. 8.1 í lögum ÍSÍ. Íslenskir ríkisborgarar sem æfa og keppa erlendis eiga ætíð rétt á að keppa hér á landi fyrir félag innan BSÍ, sem þeir eru þá jafnframt skráðir í.

3.3 Heimilt er að bjóða erlendum gestum þátttöku í öðrum mótum en Meistaramóti Íslands, Íslandsmóti öldunga og Íslandsmóti unglunga. Er það þá það félag sem býður erlenda gestinum í mótið sem ræður í hvaða deild leikmaðurinn spilar í samráði við hann.

3.3.1 Erlendir gestir fá ekki stig á styrkleikalista BSÍ.

3.4 Í Meistaramót Íslands öðlast erlendir ríkisborgarar ekki þátttökurétt í Úrvalsdeild fyrir en eftir a.m.k. þriggja ára samfellda búsetu með lögheimili á Íslandi. Erlendir ríkisborgarar öðlast ekki þátttökurétt í 1. deild og 2. deild fyrir en eftir a.m.k. 12 mánaða samfellda búsetu með lögheimili á Íslandi. Viðkomandi einstaklingur verður einnig að vera skráður í félag innan BSÍ.

3.5 Í Íslandsmót öldunga öðlast erlendir ríkisborgarar ekki þátttökurétt fyrir en eftir a.m.k. 12 mánaða samfellda búsetu héraðs með lögheimili á Íslandi. Viðkomandi einstaklingur verður einnig að vera skráður í félag innan BSÍ.

3.6 Í Íslandsmót unglunga öðlast erlendir ríkisborgarar ekki þátttökurétt fyrir en eftir a.m.k. 12 mánaða samfellda búsetu með lögheimili á Íslandi. Viðkomandi einstaklingur verður einnig að vera skráður í félag innan BSÍ.

3.7 Nánari reglur er snúa að Deildakeppni Badmintonsambands Íslands má finna í sér reglugerð.

3.8 Styrkleikalisti BSÍ hverju sinni segir til um hverjir hafa heimild til að leika í hverjum flokki í viðkomandi móti. Skulu eftirfarandi reglur gilda:

3.8.1 Þeir leikmenn sem ekki hafa stig á styrkleikalista BSÍ geta skráð sig til keppni í þeirri deild sem þeir kjósa.

3.8.2 Þegar leikmenn hafa tekið þátt í móti sem gefur stig á íslenska styrkleikalistann fara þeir inn á styrkleikalistann þó þeir hafi ekki unnið leik. Leikmenn eru því með stig á styrkleikalistanum svo framarlega að þeir hafi tekið þátt í móti síðastliðna 12 mánuði.

3.8.3 Leikmenn geta spilað í mismunandi deildum í mismunandi greinum. Fer slíkt eftir stöðu þeirra í hverri grein á síðast útgefna styrkleikalista.

3.8.4 Úrvalsdeild

3.8.4.1 Allir leikmenn hafa heimild til að skrá sig / keppa í Úrvalsdeild.

3.8.4.2 Þeir leikmenn sem skráðir eru í Úrvalsdeild á síðasta útgefna styrkleikalista í hverri grein, hverju sinni, verða að spila í Úrvalsdeild.

3.8.4.3 Úrvalsdeildarleikmenn sem verða 40 ára á árinu og eldri mega spila í 1. deild.

3.8.5 1. deild

3.8.5.1 Þeir leikmenn sem eru skráðir í 1. deild á síðasta útgefna styrkleikalista í hverri grein, hverju sinni, eiga að spila í 1. deild en geta þó valið að spila í Úrvalsdeild kjósi þeir það frekar.

3.8.6 2. deild

3.8.6.1 Leikmaður hefur ekki þátttökurétt í 2. deild ef:

3.8.6.1.1 Leikmaður hefur verið færður upp í efstu deild þ.e. Meistaraflokk þegar það var og hét á einhverjum tímamarki.

3.8.6.1.2 Leikmaður hefur unnið sig upp í Úrvalsdeild samkvæmt styrkleikalista á einhverjum tímapunkti.

3.8.6.1.3 Leikmaður hefur orðið Íslandsmeistari í A flokki / 1. deild.

3.8.6.2 Leikmenn 55 ára á árinu og eldri geta ávallt spilað í 2. deild.

3.8.7 Eftirfarandi gildir um takmarkanir í deildir eftir styrkleikalistanum en það er Mótanefnd BSÍ sem tilkynnir í upphafi hvers keppnistímabils um hve margir leikmenn / pör eru takmarkaðir frá hverri grein í hverri deild :

Einliðaleikur karla :

- Leikmenn í sætum 1 – 10 á styrkleikalistanum verða að spila í Úrvalsdeild.
- Leikmenn í sætum 11 – 24 á styrkleikalistanum eiga að spila í 1. deild en geta þó skráð sig í Úrvalsdeild kjósi þeir það frekar.
- Leikmenn í sætum 25 og neðar eiga að spila í 2. deild en geta þó skráð sig í 1. deild eða Úrvalsdeild kjósi þeir það frekar.

Einliðaleikur kvenna :

- Leikmenn í sætum 1 - 4 á styrkleikalistanum verða að spila í Úrvalsdeild.
- Leikmenn í sætum 5 – 10 á styrkleikalistanum eiga að spila í 1. deild en geta þó skráð sig í Úrvalsdeild kjósi þeir það frekar.
- Leikmenn í sætum 11 og neðar eiga að spila í 2. deild en geta þó skráð sig í 1. deild eða Úrvalsdeild kjósi þeir það frekar.

Tvíliðaleikur karla :

- Leikmenn í sætum 1 – 12 á styrkleikalistanum verða að spila í Úrvalsdeild.
- Leikmenn í sætum 13 – 32 á styrkleikalistanum eiga að spila í 1. deild en geta þó skráð sig í Úrvalsdeild kjósi þeir það frekar.
- Leikmenn í sætum 33 og neðar eiga að spila í 2. deild en geta þó skráð sig í 1. deild eða Úrvalsdeild kjósi þeir það frekar.

Tvíliðaleikur kvenna :

- Leikmenn í sætum 1 - 6 á styrkleikalistanum verða að spila í Úrvalsdeild.
- Leikmenn í sætum 7 – 18 á styrkleikalistanum eiga að spila í 1. deild en geta þó skráð sig í Úrvalsdeild kjósi þeir það frekar.
- Leikmenn í sætum 19 og neðar eiga að spila í 2. deild en geta þó skráð sig í 1. deild eða Úrvalsdeild kjósi þeir það frekar.

Tvenndarleikur :

- Leikmenn í sætum 1 – 6 á styrkleikalistanum verða að spila í Úrvalsdeild.
- Leikmenn í sætum 7 – 16 á styrkleikalistanum eiga að spila í 1. deild en geta þó skráð sig í Úrvalsdeild kjósi þeir það frekar.
- Leikmenn í sætum 17 og neðar eiga að spila í 2. deild en geta þó skráð sig í 1. deild eða Úrvalsdeild kjósi þeir það frekar.

- 3.9 Á Íslandsmóti öldunga geta þeir sem eru 35 ára á árinu eða eldri keppt í flokki 35+, þeir sem eru 45 ára á árinu eða eldri keppt í flokki 45+, þeir sem eru 55 ára á árinu eða eldri keppt í flokki 55+ og þeir sem eru 65 ára á árinu eða eldri keppt í flokki 65+.
- 3.10 Leikmaður þarf að vera kominn í U15 í unglingsflokkum til að hafa þátttökurétt í fullorðinsmóti.
- 3.11 Leikmaður getur eingöngu spilað í tveimur deildum á sama móti og þær deildir verða að tengjast þ.e. Úrvalsdeild og 1. deild eða 1. deild og 2. deild.
- 3.12 Séu þrír leikmenn / þör skráð í grein er æskilegt að keppni fari fram í riðli.
- 3.13 Sé einungis einn leikmaður / þar skráð í einhverja grein og/eða flokk / deild þá fellur sú grein/ flokkur niður. Mótsstjórn skal þá bjóða viðkomandi leikmanni / pari að skrá sig í annan flokk / deild sé þess kostur.
- 3.14 Leikmaður / leikmenn eiga rétt á, að lágmarki, 30 mínútna hvíldartíma á milli leikja í fullorðinsmótum og 15 mínútna hvíldartíma í unglingsmótum.

## 4. grein

### Skráning í mót

- 4.1 Badmintonsamband Íslands (BSÍ) gefur út tilmæli um mótahald í upphafi hvers tímabils til félaga og mótsstjórna. Á heimasíðu BSÍ eru upplýsingar um það sem þarf að koma fram í mótsboði, tilmæli BSÍ til mótsstjórna, og minnislisti fyrir mótshaldara. Þar er einnig gagnaöflunarskjal fyrir mótshaldara og BSÍ. BSÍ hvetur félög innan BSÍ, sem ætla halda mót, að nýta sér þessi gögn.
- 4.2 Þegar raðað og dregið er í mót skal nota styrkleikalistann sem er/var í gildi þegar skráningarfrestur í mótið rennur út.
- 4.3 Mótsboð skal berast BSÍ og öllum aðildarfélögum þess eigi síðar en þrem vikum fyrir mót. Mótsboðið á að innihalda upplýsingar um: Keppnisstað og tímasetningar, síðasta skráningardag, þátttökugjöld og tengilið (netfang og símanúmer) sem veitir upplýsingar um mótið. Ef mótshaldari setur sérstakar kröfur um fatnað leikmanna og auglýsingar á búninga eiga þær að koma fram í mótsboði, enda brjóti þær kröfur engar reglur BSÍ eða ÍSí.
- 4.4 Ef mótið er hluti af mótarið BSÍ skal það koma fram í mótsboði ásamt merkjum samstarfsaðila mótaraðarinnar.
- 4.5 Aðildarfélag sem skráir leikmenn í mót ber ábyrgð á að mótsgjöld séu greidd og að forföll séu tilkynnt um leið og þau koma í ljós. Tilkynna þarf forföll til mótsstjórnar í upphafi dags en ef forföll eru í fyrstu umferð móts þarf að tilkynna þau a.m.k. tveimur klukkustundum fyrir leik. Að öðrum kosti eiga mótshaldarar rétt á að innheimta mótsgjöld.
- 4.6 Senda skal tölvupóst til BSÍ, [bsi@badminton.is](mailto:bsi@badminton.is) og til þeirra félaga sem eiga keppendur á viðkomandi móti þegar niðurröðun er birt á netinu.

- 4.7 Ef leikmaður þarf að draga sig úr keppni í einni grein en ætlar að spila aðrar þá þarf að tilkynna það til mótstjórnar áður en mót hefst. Sé mót hafið og leikmaður þarf að draga sig úr einni grein þá þarf hann einnig að draga sig úr öðrum greinum sem hann er skráður í.
- 4.7.1 Mótstjórnnum er þó heimilt að víkja frá þessari reglu, þó mót sé hafið.
- 4.8 Þurfi af einhverjum ástæðum að draga aftur í einhvern flokk eftir að niðurröðun í mótið hefur verið birt á að senda tilkynningu þess efnis til BSÍ auk aðildarfélaganna. Ef tveir eða fleiri raðaðir keppendur forfallast er heimilt að draga aftur í viðkomandi flokk, enda sé það gert áður en byrjað er að spila í floknum. Á sama hátt er heimilt að draga aftur ef forföll í riðlakeppni eru of mikil að mati mótstjórnar.
- 4.9 Ef forföll verða, er mótstjórn heimilt að bæta við leikmönnum í staðinn eða sameina lið þegar forföll verða í þeim báðum, enda hefði hið sameinaða lið eða einstaklingurinn ekki fengið hærri röðun en þegar dregið var í mótið.
- 4.10 Ef spil er hafið í einhverri grein má ekki bæta við leikmanni / leikmönnum í þeirri grein eða sameina lið. Mótstjórn hefur þó leyfi til að víkja frá þessari reglu ef liðið hefur ekki hafið leik.
- 4.11 Mótstjórn er skipuð af mótshaldara. Ávallt á einn aðili að vera titlaður mótstjóri.
- 4.12 Ef mót er í samvinnu BSÍ og aðildarfélags á stjórn BSÍ að skipa mótstjórn í samráði við aðildarfélagið. Mótstjórnin ásamt aðildarfélagi mótsins sér um framkvæmd mótsins og fær til liðs við sig þá sem aðstoða við mótið svo sem dómara, teljara, línudómara og annað starfsfólk.
- 4.13 Þegar ekki er yfirdómari er mótstjóri jafnframt yfirdómari. Ef mótstjóri er einnig yfirdómari þá getur sá ekki tekið þátt í mótinu sem spilari.

## 5. grein

### Mótaskrá og úrslit móta

- 5.1 Úrslit leikja á að uppfæra reglulega á [www.tournamentsoftware.com](http://www.tournamentsoftware.com) og skulu þau birt svo fljótt sem unnt er.
- 5.2 Í mótaskrá sem hangir upp á mótstað skal koma fram ef mótið er hluti af mótarið Badminton sambands Íslands (BSÍ) ásamt merkjum stuðningsaðila mótaraðarinnar.
- 5.3 Mótstjórn á að sjá um að mótsboð séu rétt gerð, yfirfara skráningu, sjá um að draga í mótið í samræmi við gildandi reglur og gefa út mótaskrá. Draga á í mótið ef unnt er a.m.k. þremur dögum áður en mótið hefst. Mótstjórn á að senda félögum sem eiga keppendur í mótinu, svo og BSÍ, uppkast af mótaskránni þegar dregið hefur verið í mótið. Viðkomandi aðilar eiga þá kost á að gera athugasemdir.
- 5.4 Mótaskrá á að gefa út eigi síðar en þremur sólarhringum áður en mót hefst. Birta á tímasetningar leikja a.m.k. tveimur sólarhringum áður en mót hefst.

## 6. grein

### Íslenski styrkleikalistinn

6.1 Þeir leikmenn sem taka þátt í mótum sem eru á mótaskrá Badminton sambands Íslands (BSÍ) fá stig sem gilda inn á íslenska styrkleikalistann samkvæmt 7. grein.

6.2 Í öllum greinum hljóta leikmenn alltaf stig sem einstaklingar á styrkleikalistanum.

6.3 Fullorðinsflokkar:

6.3.1 Flokkaskiptingar í fullorðinsflokkum eru eftirfarandi:

- Úrvalsdeild
- 1. deild
- 2. deild

6.3.2 Á Meistaramóti Íslands er keppt í eftirfarandi flokkum :

- Úrvalsdeild
- 1. deild
- 2. deild

6.3.3 Á Íslandsmóti Öldunga er keppt í eftirfarandi flokkum :

- 35+
- 45+
- 55+
- 65+

6.2.3 Íslenski styrkleikalistinn er árslisti í fullorðinsflokkum þar sem mótin falla út að ári liðnu. Fimm bestu mót keppenda síðastliðna 12 mánuði mynda listann.

6.3 Unglingaflokkar:

6.3.1 Flokkaskiptingar í ungingaflokkum eru eftirfarandi:

- U11 Snáðar og Snótir (yngri en 11 ára – 31. desember)
- U13 Hnokkar og Tátur ( 11 og 12 ára – 31. desember)
- U15 Sveinar og Meyjar ( 13 og 14 ára – 31. desember)
- U17 Drengir og Telpur ( 15 og 16 ára – 31. desember)
- U19 Piltar og Stúlkur ( 17 og 18 ára – 31. desember)

6.3.2 Á Íslandsmóti unginga er keppt í eftirfarandi flokkum :

- U 11 einlið-, tvíliða- og tvenndarleik
- U 13 einlið-, tvíliða- og tvenndarleik
- U 15 einlið-, tvíliða- og tvenndarleik
- U 17 einlið-, tvíliða- og tvenndarleik
- U 19 einlið-, tvíliða- og tvenndarleik

6.3.3 Leikmönnum er heimilt að spila upp fyrir sig í samráði við þjálfara.

6.3.4 Færsla milli aldursflokka fer fram 1. september ár hvert.

6.3.5 Styrkleikalisti unginga er núllaður fyrir upphaf hvers tímabils og engin röðun er í fyrsta mót hvers tímabils.

- 6.3.6 Einstaklingar fá eingöngu þau stig skv. stigagjöf þess flokks sem viðkomandi er skráður í. Ef einstaklingur spilar upp fyrir sig, fær hann stig samkvæmt þeim flokki sem hann er skráður í. Eina undatekning er að ef einstaklingur sigrar flokkinn sem hann spilar í upp fyrir sig, þá fær hann stig úr þeim flokki sem hann sigraði.
- 6.3.7 Taka þarf tillit til styrkleikalista fullorðinna, þannig að ef leikmaður í einliðaleik karla er í sæti 20 eða ofar á styrkleikalista fullorðinna og í einliðaleik kvenna í sæti 10 eða ofar þá skuli þeim raðað fyrst eftir styrkleikalista fullorðinna og síðan skal raða öðrum leikmönnum eftir styrkleikalista unglunga. Á þetta eingöngu við um einliðaleik.
- 6.3.8 Ofangreint á við um A mót unglungaflokka.
- 6.3.9 Í B flokki unglunga mega þeir leikmenn taka þátt sem ekki hafa leikið til úrslita í A flokki á móti í einhverri grein. Ef 4 eða færri eru í einhverri grein, þá á þetta einungis við um sigurvegarann en ef 5 eða fleiri þá á þetta við um þá sem léku til úrslita.
- 6.3.10 BSÍ heldur utan um A flokks leikmenn unglunga og birtir á heimasíðu BSÍ.

## 7. grein

Stigagjöf íslenska styrkleikalistans:

7.1 Stigagjöf styrkleikalista fullorðinna:

Stigagjöf listans byggir á stigagjöf Alþjóðabadmintonsambandsins (BWF)

Flokkur / Deild	1.sæti	2.sæti	3. til 4. sæti	5. til 8. sæti	9. til 16. sæti	17. til 32. sæti
Úrvalsdeild	9.200	6.900	4.600	2.760	1.380	920
1. deild	4.000	3.000	2.000	1.200	600	400
2. deild	1.700	1.275	850	510	255	170

Eftirfarandi tafla gildir um þátttökustig í fullorðinsmótum en þessi stig fá þeir leikmenn sem ekki fá önnur stig.

Úrvalsdeild	500
1. deild	250
2. deild	125

## 7.2 Styrkleikalisti unglunga:

Stigagjöf listans byggir á stigagjöf Alþjóðabadminton sambandsins (BWF)

Flokkur	1. sæti	2. sæti	3. til 4. sæti	5. til 8. sæti	9. til 16. sæti	17. til 32. sæti
<b>U19</b>	9.200	6.900	4.600	2.760	1.380	920
<b>U17</b>	5.500	4.125	2.750	1.650	825	550
<b>U15</b>	4.000	3.000	2.000	1.200	600	400
<b>U13</b>	2.500	1.875	1.250	750	375	250

Eftirfarandi tafla gildir um þátttökustig í mótum en þessi stig fá þeir leikmenn sem ekki fá önnur stig.

<b>U19</b>	500
<b>U17</b>	375
<b>U15</b>	250
<b>U13</b>	125

- 7.3 Ef fjórir eða færri leikmenn/lið spila í einhverri grein, þá gildir ekki reglan um þátttökustig heldur fá þátttakendur stig sem samsvarar þeim sætum sem þeir lenda í.
- 7.4 Leikmenn sem tapa fyrsta leik í útsláttarfyrikomulagi fá þátttökustig, aðrir leikmenn fá stig sem samsvarar þeim sætum sem þeir lenda í.  
Við útreikning stiga í riðlakeppni þarf að taka til hliðsjónar með hvaða hætti framhaldsspil er eftir riðlakeppni, samanber viðauka A\*.  
Leikmenn sem lenda í neðsta sæti síns riðils í riðlakeppni fá þátttökustig, aðrir leikmenn fá stig sem samsvarar þeim sætum sem þeir lenda í, samanber viðauka A\*.
- 7.5 Verði leikmenn / pör jöfn að stigum í riðlum þá gildir eftirfarandi
- 7.5.1 Ef tveir leikmenn / pör hafa unnið jafnmarga leiki í riðli, þá gildir innbyrðis viðureign þeirra á milli um hvor raðast hærra.
- 7.5.2 Ef þrír leikmenn / pör eða fleiri hafa unnið jafnmarga leiki í riðli, þá gildir mismunur af unnum lotum og töpuðum.
- 7.5.2.1 Séu tveir leikmenn / pör enn jöfn þá gildir innbyrðis viðureign þeirra á milli um hvor raðast hærra.
- 7.5.3 Ef þrír leikmenn / pör eða fleiri hafa unnið jafnmarga leiki í riðli og mismunur af unnum lotum og töpuðum er sá sami, þá gildir mismunur á unnum stigum og töpuðum.
- 7.5.3.1.1 Séu tveir leikmenn / pör enn jöfn þá gildir innbyrðis viðureign þeirra á milli um hvor raðast hærra.
- 7.5.3.1.2 Séu þrír leikmenn / pör enn jöfn þá skal varpa hlutkesti um röðun leikmanna.
- 7.6 Séu leikmenn ekki á styrkleikalistanum og skrá sig í mót og taka þátt í því (þ.e. ekki forföll), þá fara þeir inn á styrkleikalistann, í þeirri grein/-um sem þeir tóku þátt í.
- 7.7 Sé leikur gefinn eftir að búið er að draga í mót telst það sem unninn leikur.



## 8. grein

### Röðun í mót

- 8.1 Raða skal eftir styrkleikalista Badminton sambands Íslands (BSÍ) í þau mót sem eru á mótarað BSÍ. Jafnframt skal taka tillit til styrkleikalista BWF, þannig að ef keppandi / par er í sæti 300 eða ofar á styrkleikalista BWF þá skuli þeim raðað fyrst eftir styrkleikalista BWF og síðan skal raða öðrum keppendum / pörum eftir styrkleikalista BSÍ.
- 8.2 Ef keppendur / pör eru jafnir / jöfn að stigum skal raða þeim / því ofar sem fékk fleiri stig að meðaltali í viðkomandi keppnisgrein á síðustu þremur mótum. Ef það dugar ekki þá meðaltal síðust fjögurra móta o.s.frv.
- 8.3 Raða má að hámarki tveimur þegar keppendur eru 2-15, fjórum þegar keppendur eru 16-31, átta þegar keppendur eru 32-63 og 16 þegar keppendur eru 64 eða fleiri.
- 8.4 Við staðsetningu þeirra sem fá röðun gildir eftirfarandi:
  - 8.4.1 Raða skal tveimur efstu leikmönnum / pörum eftirfarandi:
    - 8.4.1.1 Röðun 1 er staðsett efst í dráttinn
    - 8.4.1.2 Röðun 2 er staðsett neðst í dráttinn
  - 8.4.2 Um aðra leikmenn / pör sem hljóta röðun gildir:
    - 8.4.2.1 Röðun 3 og 4 eru dregin með hlutkesti í þá tvo fjórðunga sem eftir eru
    - 8.4.2.2 Röðun 5 til 8 eru dregin með hlutkesti í þá áttundu hluta sem eftir eru
    - 8.4.2.3 Röðun 9 til 16 eru dregin með hlutkesti í þá sextánda hluta sem eftir eru
- 8.5 Um staðsetningu annarra leikmanna / para, en þeirra sem fá röðun, skal draga óháð félagi eða styrkleikalista. Mótsstjórn hefur leyfi til þess að „separate by club“ tveim sterkustu frá sama félagi í fyrstu umferð, í hverri grein.

## 9. grein

### Dómarar – Línuverðir – Teljarar

- 9.1 Leitast skal við að hafa dómara á öllum leikjum í Úrvalsdeild.
- 9.2 Æskilegt er að dómarar hafi lokið viðurkenndu dómara námskeiði á vegum Badminton sambands Íslands, Badminton Europe eða Badminton World Federation.
- 9.3 Leitast skal við að hafa dómara á úrslitaleikjum í öllum deildum.
- 9.4 Ef ekki fást dómarar á leiki, er æskilegt að hafa teljara á öllum leikjum.
- 9.5 Ef enginn dómari er á viðkomandi leik þá dæmir leikmaður/leikmenn alla bolta sín megin á vellinum með heiðarleika og samvirksemi að leiðarljósi. Hann er jafnframt ábyrgur fyrir talningu á sínum stigum.
- 9.6 Mótsstjórn getur óskað eftir aðstoð keppenda við talningu og línuvörslu, einkum þegar leikmaður hefur lokið leik. Viðkomandi leikmanni er skylt að verða við þeirri ósk.
- 9.7 Í öllum leikjum þar sem mótsstjórn hefur ekki skipað/ sett up teljara gildir eftirfarandi:

- 9.7.1 Þar sem eru riðlar þá er það sigurvegari leiksins sem telur næsta leik á sama velli.
- 9.7.2 Í útslætti er það taparinn í síðasta leik sem telur á sama velli.
- 9.7.3 Í tvíliða/tvenndarleik þarf parið að vera fljótt að koma sér saman um hvor telur svo mótið tefjist ekki að óþörfu.
- 9.7.4 Í unglingaflokkum er það á ábyrgð félaganna, þjálfara, foreldra/forráðamanna að viðkomandi leikmaður sé tilbúinn að telja næsta leik.
- 9.7.5 Það er bannað að yfirgefa salinn fyrr en leikmaður hefur sinnt teljaraverkefni sínu.
- 9.8 Í síðustu umferð í riðlakeppni, þar sem ekki er haldið áfram í útslátt, þarf leikmaður að finna annan aðila (annan iðkanda úr klúbbum, foreldri o.s.frv) til að telja næsta leik svo að verðlaunaafhending seinki ekki að óþörfu. Í mótum þar sem ekki eru notaðir línuverðir í öllum leikjum skulu þeir vera til taks ef leikmaður, þjálfari eða dómari biður um þá.
- 9.9 Leitast skal við að línuverðir séu ávallt 14 ára á árinu eða eldri og hafa hlotið viðeigandi kennslu.

## 10. grein

### Um aðstoðarfólk / þjálfara

- 10.1 Að hámarki mega tveir vera til aðstoðar hverjum leikmanni/pari meðan á leik stendur.
- 10.2 Eftirfarandi gildir fyrir aðstoðarfólk / þjálfara varðandi tilsögn á mótum.
- Unglingaflokkar: Aðstoðarmenn / þjálfarar mega einungis segja til á milli lota.
  - Fullorðinsflokkar: Aðstoðarmenn / þjálfarar mega segja til í hléi í 11, milli lota, svo og meðan bolti er ekki í leik.

## 11. grein

### Félagaskipti leikmanna

- 11.1 Félagaskipti leikmanna skal tilkynna til Badminton sambands Íslands (BSÍ) með því að aðildarfélag og leikmaður fylli út þar til gert félagaskiptaeyðublað sem má finna á heimasíðu BSÍ. Sé um erlenda leikmenn að ræða, þurfa þeir að hafa formlegt leyfi síns sársambands til félagaskiptanna, þar sem jafnframt fylgi leyfi til keppni á Íslandi.
- 11.2 Ekki þarf að tilkynna um félagaskipti leikmanna á 18. aldursári og yngri.
- 11.3 Einungis er hægt að skipta einu sinni um félag á keppnistímabilinu.
- 11.4 Félagaskipti taka 30 daga að ganga í gegn frá því viðkomandi félag hafa tilkynnt BSÍ um þau.

- 11.5 Ef um nýskráningu íslensk leikmanns er að ræða þá er hann strax löglegur til keppni fyrir sitt félag.
- 11.6 Einungis er leyfilegt að keppa fyrir eitt félag, þrátt fyrir að viðkomandi geti verið félagsmaður í öðru félagi á sama tíma.
- 11.7 Upplýsa skal um öll félagaskipti á heimasíðu BSÍ.
- 11.8 Komi upp ágreiningur um félagaskiptin skal stjórn BSÍ úrskurða í málinu innan mánaðar frá því að ósk um félagaskipti berst. Úrskurði þessum getur íþróttamaðurinn eða aðildarfélag BSÍ kært til dómstóls ÍSÍ.

## 12. grein

### Fatnaður og auglýsingar:

- 12.1 Almennt eru tvíliða- og tvenndarleikspör hvött til að klæðast sama lit á bol svo og sama lit á stuttbuxum/pilsi.

## 13. grein

### Mótmæli og kærur

- 13.1 Keppendur, þjálfarar og yfirdómari hafa heimild til að gera athugasemdir við framkvæmd móts. Ef ekki er orðið við þeim athugasemdum má vísa málum til stjórnar Badmintonsambands Íslands.
- 13.2 Með öll önnur ágreinings- og kærumál innan badmintonhreyfingarinnar skal farið skv. 4. kafla í lögum ÍSÍ um dómstóla ÍSÍ.

## 14.grein

### Framkoma og viðurlög

- 14.1 Keppendur skulu koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína. Keppendur skulu sýna dómurum og starfsmönnum móta tilhlýðilega virðingu og eigi fara niðrandi orðum um þá eða áhorfendur. Keppendur og aðrir þeir sem koma að framkvæmd badmintonmóta skulu hafa siðareglur ÍSÍ og hegðunarviðmið í heiðri og haga störfum sínum og framkomu í samræmi við það sem þar kemur fram ( [www.isi.is/fraedsla/sidareglur-isi/](http://www.isi.is/fraedsla/sidareglur-isi/) ). Einnig skal fara eftir reglum Alþjóðabadmintonsambandsins um sama efni ( [www.corporate.bwfbadminton.com/statutes/](http://www.corporate.bwfbadminton.com/statutes/) ). Mótsstjórn svo og stjórn Badmintonsambands Íslands getur ákveðið viðurlög vegna brota á þessari grein.

*Mótareglur þessar voru samþykktar af stjórn BSÍ á stjórnarfundum þann 3. október 2023.*